

ADT (gaADT)

ADT - Skeytasendingar til TMM

SAG-9266

Þegar gengið var frá lotu þá gat það gerst að skeyti var sent til TMM sem innihélt nýjustu staðsetningu innan lotunnar sem verið var að ganga frá en ekki nýjustu staðsetningu innan innlagnarinnar. Þetta hefur verið lagað.

ADT - Leiðréttá þjónustuflokk/ábyrgan

SAG-8832

Löguð var villa þar sem listinn yfir þjónustuflokka í glugganum til að leiðréttá þjónustuflokk/ábyrgan birtist tómur.

ADT - Skeytasendingar til TMM

SAG-8814

Þegar gengið var frá lotu þá gat það gerst að skeyti var sent til TMM sem innihélt nýjustu staðsetningu innan lotunnar sem verið var að ganga frá en ekki nýjustu staðsetningu innan innlagnarinnar. Þetta hefur verið lagað.

ADT Innritun/Útskrift

ADT - innritun

SAG-8429

Löguð var villa þar sem „Flokkun sjúklings“ var ekki alltaf rétt ef skipt var um deild í innritunarglugga við nýja innritun í ADT.

Afgreiðsla (gaSab)

Meðferðarbiðlisti / Afgreiðsla - komur

SAG-8909

Nú færast einstaklingur í stöðuna „Í meðferð“ þegar skráð er koma í komuflípa í afgreiðslu sem tengist beiðni um meðferð.

Afgreiðsla

SAG-8614

Bætt hefur verið ferilskráningu fyrir aðgerðir í afgreiðslueiningu. Nú er gerð ferilskrá fyrir eftirfarandi aðgerðir:

- Taka útskrift til baka
- Afrita tímabókun
- Klippa allar tímabókanir dags
- Líma allar tímabókanir dags
- Afrita allar tímabókun dags
- Afrita allar tímabókanir línu
- Klippa allar tímabókanir línu
- Líma allar tímabókanir línu
- Raðbókun
- Raðeyðing

Komuskráning með Kiosk

SAG-8463

Nú afritast upplýsingar um tilvísun í tímabókun yfir í komu þegar koma er gerð með Kiosk.

Afgreiðsla - Tilvísun barna

SAG-8197

Niðurfelling á hlut barns í reikningi vegna tilvísunar er háð því að „Já, frá heilsugæslustöð“ hefur verið valið í reitnum „Tilvísun“ og viðkomandi lækni valinn sem „Tilvisandi lækni“. Tilvísun frá slysa- og bráðamóttöku t.d. gildir ekki til niðurfellingar.

Afgreiðsla

SAG-8191

Löguð hefur verið villa sem kom upp þegar vefbókanlegri tímabókun var breytt í afgreiðslueiningu, þar sem að tímabókunarformið „Ekki vefbókanlegt“ valdist sjálfkrafa ef að eitthvert annað form tímabókunnar var valið.

Afgreiðsla

SAG-7748

Bætt hefur verið ferilskráningu fyrir aðgerðir í afgreiðslueiningu. Nú er gerð ferilskrá fyrir eftirfarandi aðgerðir:

- Afritun tímabókunar
- Ef einstaklingur mætir ekki
- Komu einstaklings

- Ef bókun er flutt á annað aðfang
- Þegar einstaklingur fer
- Þegar einstaklingur hættir við komu
- Þegar einstaklingur er afgreiddur

Bakgrunnsvinnsla Sögu

Uppfletting í staðværum gögnum frá öðrum stofnunum

SAG-8086

Nú er „logg-að“ bæði hjá EL og upprunastofnun gagna þegar flett er upp í staðværu afriti af gögnum.

Aðföng (gaResources)

Aðföng

SAG-8149

Nú er hægt að stilla „Afgreiðsludeild vefbókana“ í aðfangaeiningu eins og hægt var í stillingareiningu.

Aðgangsstýringar

Aðgangsstýringar

SAG-8534

Nú geta notendur með takmarkaðan aðgang og venjulegan aðgang gefið ástæðu fyrir uppflettingu í sjúkraskrá.

Aðgangsstýringar

SAG-8329

Gerðar hafa verið breytingar á glugganum „Aðgangur að sjúkraskrá“. Upplýsingarnar sem koma fram í þeim glugga eru nú skýrari og einfaldari.

Aðgangsstýringar

SAG-8328

Þegar nýr einstaklingur er valinn opnast gluggi merktur „Aðgengi að upplýsingum“ þar sem notandi biður um aðgang að sjúkraskrá einstaklings. Þar voru fyrir hnapparnir „Samþykka“ og „Hafna“ en þeim hefur verið skipt út fyrir „Sjúkraskrá“ og „Almennar upplýsingar“.

Aðstandendaskráning

Aðstandendaskráning

SAG-5666

Aðstandendaskráningarferlið hefur verið einfaldað. Hægt er í sama glugganum að finna einstakling í þjóðskrá og skrá nýjan aðstandanda sem er ekki í þjóðskrá. Útfylling ítartriða fer einnig öll fram í aðalglugga héðan í frá.

Biðlisti (gaWaitingList)

Biðlisti

SAG-8732

Hægagangur sökum þess að verið var að uppfæra gögnin í einingunni þegar farið var úr henni og komið aftur til baka hefur verið lagaður.

Dagplan deildar

Dagplan - Aðv./Áhættum.

SAG-6045

Eftirfarandi texta hefur verið breytt í dálknum Aðv./Áhættum.

- Ath. byltuhætta í Byltuhætta.
- Ath. næringu í Vannæringarhætta.
- Ath. þrýstingssár í Þrýstingssárahætta.

og verkir fyrir alla mælikvarða birtist núna:

- V.hvíld: (tala)
- V.hreyfing: (tala)

Dagplan deildar - Vísbendingar fyrir dálka

Nú er búið að setja vísbendingar (e. tooltip) á eftirfarandi dálka í dagplani deildar. Vísbendingarnar birtast þegar notandi setur músarbendil yfir titil dálks.

Innl.ást. = Innlagningarástæða

Innl.d.dei. = Upphaf dvalar

Innl.d.sto. = Upphaf vistar

Innl.d.lot. = Upphaf lotu

Dags. íhluta = Dagsetning íhluta

Aðv./Áhættum. = Aðvaranir/Áhættumat

Áb.l = Ábyrgur lækni

Aðg./ranns. = Aðgerðir/rannsóknir

Inf. = Innrennsli

Útskr.úrræði = Útskriftarúrræði

Hj.fr./Sjl. = Hjúkrunarfræðingur/Sjúkraliði

DFA = Dagar frá aðgerð

Áætl. útskr. = Áætlaður útskriftardagur

Dýnamísk skráningarform

Nýtt dýnamískt eyðublað fyrir VIRK

SAG-8174

Nú er í Eyðublaðaeiningunni hægt að fylla út og senda rafrænt til VIRK beiðni um starfsendurhæfingu einstaklings. Blaðið heitir "*VIRK Beiðni um þjónustu*"

Eyðublað

Eyðublöð - Bráðamóttökuskrá

SAG-6802

Áður fyrr var hægt að staðfesta blaðið án þess að bæta við nýrri greiningu. Nú verður að velja greiningu svo hægt sé að staðfesta blað.

Eyðublöð - heimilislæknir óvart settur sem sjálfgefinn viðtakandi á læknaþréfum

SAG-8894

Heimilislæknir var óvart settur sem sjálfgefinn viðtakandi á eyðublöðum „(er) Bréf og greinargerðir #75“, „(or) Hjúkrunarbréf #85“, „(er) Slysadeildarbréf - enskt #297“, og „Innlagnarbeiðni á Reykjaland #347“. Búið er að laga þessi blöð þannig að heimilislæknir er ekki lengur sjálfgefinn viðtakandi.

Eyðublað - Læknaþréf

SAG-8533

Þegar læknaþréf #12 eða tilvísun #196 sem inniheldur viðhengi er ógildað, þá ógildast öll viðhengin líka.

Eyðublað - Tilkynningaskyldir sjúkdómar #285

SAG-8501

Eyðublaðinu „Tilkynningaskyldir sjúkdómar“ hefur verið breytt í samræmi við breytt eyðublað sóttvarnarlæknis.

Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

SAG-8920

Villa sem kom upp þegar verið var að sækja lífsmörk einstaklings í Bráðamóttökuskrá hefur verið löguð.

Eyðublöð (gaSheetModule)

Eyðublöð - Pakkaár á Samskiptaseðli #36

SAG-8825

Nú er hægt að skrá Pakkaár í Reykingar kaflanum á Samskiptaseðli ef merkt er við Já eða Nei við Reykir einstaklingur? Ef merkt er við Aldrei reykt hreinsast Pakkaár reiturinn og ekki er hægt að skrá pakkaár.

Upplýsingar í (or) Læknaþréf birtast ekki lengur í belg og biðu

SAG-8376

Útskriftarnótur frá mismunandi starfsmönnum birtast nú með tómrí línu á milli í (or) Læknaþréfi, í stað þess að birtast hvor upp við aðra eins og áður.

Eyðublöð - Viðhengi #375

SAG-8300

Villa sem kom þegar birta átti viðhengi af taginu odt (Open Document Format) á viðhengiseyðublaði hefur verið löguð.

Eyðublöð

Ef búið er til eyðublaðið „Samskiptaseðill“ og fyllt út í „Blóðsykur“ þá birtist sú færsla áður merkt sem „Fastandi blóðsykur (fbs)“ í einingunum „Textasýn“ og „Ný Textasýn“ en merkingunni hefur nú verið breytt í „Blóðsykur“.

Einnig hafa eldri gögn verið uppfærð, svo að eldri færslur blóðsykurs í „Samskiptaseðill“ birtast sem „Blóðsykur“ en ekki sem „Fastandi blóðsykur (fbs)“

Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn #221 og (hsu) Beiðni um blóðrannsókn #420

Villa sem kom upp þegar verið var að skrá „Aðrar rannsóknir“ hefur verið löguð.

Legur og eyðublöð - kerfissjúklingur hleðst ekki.

Löguð var villa þar sem upp gat komið sú staða að kerfissjúklingur opnaðist ekki ef skipt var á milli legu með valinn kerfissjúkling yfir í eyðublöð.

Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

Lyfjakort - ný eining

Búin var til ný eining, Lyfjakort WPF, til að auðvelda lyfjaendurnýjunarferlið. Sýnin er sú sama og hægt hefur verið að nálgast í gegnum Lyfjakort í Forsíðu sjúklings.

Lyfjaendurnýjun

Nú fer sjálfgefið sendingarform lyfseðils, þegar lyfseðill er endurnýjaður, alltaf eftir gildi í stilligildi 1095.

Forsíða sjúklings

Nú geta lækningarar sent til læknis lyfjaendurnýjunarbeiðni á lyfjum sem hafa verið afskráð.

Forsíða Starfsmanns (Lyfjaendurnýjun)

Lyfjaendurnýjun

Búið er að laga villu sem orsakaði það að nýjar vandaliðaðar greiningar vistuðust ekki þegar lyf var endurnýjað.

Vera fyrirspurnir

Kominn er nýr dálkur þar sem hægt er að skoða fyrirspurnir frá Heilsuveru (Vera spjallborð og Forsíða starfsmanns - Fyrirspurnir). Hann heitir „Nánari uppl.“. Ef um er að ræða beiðni um lyfjaendurnýjun er ATC kóði lyfs settur þar fyrir nýjar fyrirspurnir.

Forsíða starfsmanns - Lyfjaendurnýjun

Textinn sem birtist þegar fjölda pakkninga er breytt sýnir nú magn lyfsins sem ávísað er.

Forsíða starfsmanns (Skilaboð)

Forsíða starfsmanns - Skilaboð

Þegar notandi fer inn í skilaboðaeininguna í Forsíðu starfsmanns þá opnast ekki lengur sjálfkrafa efstu skilaboðin.

Forsíða starfsmanns - Skilaboð

Nú birtist textasýn fyrir eyðublöð í skilaboðum ef að skilaboð inniheldur eyðublöð í viðhengi.

Sending samskiptaupplýsinga frá heilsugæslum til landlæknis

Gagnasöfnun til EL

Nú er hægt að skilgreina ákveðin rekstraraðilanúmer sem ekki á að senda til EL. Bætt var við „ServerTaskSetting-stillingu“ (SERVER_SERVICES_SETTINGS) þar sem hægt er að skilgreina rekstraraðilanúmer aðgreind með kommu. Stillingin heitir

„ExcludeUnitHglDsCsv“.

Heilsugátt (gaHeilsugatt)

Aukagluggi - Heilsugátt

SAG-8863

Nú er hægt að stilla hvort Heilsugátt eigi að uppfærast sjálfkrafa þegar skipt er um sjúkling eða hvort notandi þurfi að ýta á hnapp til að sækja gögn líkt og gert hefur verið fyrir Textasýn í Aukaglugga Sögu.

Þessi virkni stjórnast af stilligildi 175 líkt og Textasýnarflippinn og hefur lýsingin á stilligildinu verið uppfærð þannig að hún tiltaki að stilligildið eigi við Aukaglugga Sögu sem heild en ekki bara Textasýn.

Ef kveikt er á stilligildi 175 þá uppfærast Aukagluggi Sögu ekki sjálfkrafa. Það kemur í veg fyrir óþarfa álag í Sögu.

Heimahjúkrun

Meðferð - Breyting á hjúkrunarferli

SAG-8359

Nú er hægt að tvísmella hvar sem er í hjúkrunarferlitrénu sjálfu og þá opnast breytingarglugginn fyrir greininguna sem er foreldri línunnar í trénu sem smellt var á.

Einnig er hægt að ýta á Breyta hnappinn með hvaða línu sem er valda og þá opnast breytingaglugginn á sama hátt.

Kerfissumsjón (gaAdministrator)

Kerfissumsjón

SAG-7666

Löguð var villa þar sem ekki var hægt að breyta notandanafni Sögu notanda í Kerfissumsjón.

Legur (gaADTAdmissions)

Legur - Deildarlisti

SAG-7628

Deildir sem birtast í fellilista í sjúklingavali eru nú háðar stilligildi 184.

- Ef stilligildið er virkt þá getur notandi skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að, auk þess að geta skoðað allar deildir innan þeirrar stofnunar sem hann er skráður inn á.
- Ef stilligildið er ekki virkt þá getur notandi einungis skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að.

MedSys (Tenging)

MedSys

SAG-8518

Staðfestingagluggi birtist ef að ógild gögn eru send frá MedSys. Þar getur notandi fjarlæggt þau gögn sem eru ógild.

MedSys

SAG-8669

Nú er hægt er að búa til lyfseðla og bæta þeim við samskipti í gegnum MedSys.

MedSys

SAG-8668

Nú er hægt að skrá greiningu á samskiptaseðla í gegnum MedSys.

Meðferðarskráning (gaTreatment)

Meðferðarskráning - skráning hjúkrunarferla

SAG-5469

Þegar notaður er hnappurinn „Greining“ til að velja ákveðna greiningu í hjúkrunarferli ásamt öllum tengdum atriðum eða hnappurinn „Allar greiningar“ til að velja allar greiningar í hjúkrunarferli, þá hefur nú verið farið yfir það að einungis komi inn viðeigandi verkþættir undir meðferðir sem hugsanlega eru til á fleiri en einni greiningu innan ferlisins.

Vandamálið var að hingað til komu allir verkþættir inn sem tengdust þeim meðferðum sem voru hluti af hjúkrunarferlinu öllu, án þess að taka tillit til hvaða greiningu meðferðin var tengd.

Dæmi til útskýringar:

Hjúkrunarferli innihélt bæði greiningarnar „Næring minni en líkamspörf“ og „Næring meiri en líkamspörf“. Við báðar þessar greiningar var tengd meðferðin „Eftirlit með næringu“. Tengdir annarri greiningunni voru verkþættirnir „Gefa næringardrykk“ / „Gefa orkubætt fæði“ og tengdir hinni voru verkþættirnir „Gefa fitulaust fæði“ / „Matur skorinn vel í bita og einst. hvattur til að borða hægt“. Þegar önnur hvor greiningin var svo valin og öll tengd atriði (með því að yta á hnappinn „Greining“ þá komu allir þessir verkþættir undir meðferðina, sama þótt þeir ættu ekki allir við. Þarna varð skörun af því að verkþættirnir voru allir skilgreindir „innan ferlisins“.

Textasýn - Framvindunótur

SAG-8905

Nú eru allar framkvæmdir verkþátta sýndar í textasýn, hvort sem að framvindunóta var skráð fyrir greiningunina sem er tengd verkþættinum eða ekki.

Einnig er búið að skipta upp birtingu á hjúkrunargreiningunum sjálfum og framvindunótum og framkvæmd verkþátta.

Textasýn - Framvindunótur og framkvæmd verkþátta

SAG-8897

Nú birtast framvindunótur og framkvæmd verkþátta aðskilin í textasýn.

Ekki ættu lengur að koma upp tilfelli þar sem framkvæmd margra verkþátta á sama tímapunkti voru birtar oftar en einu sinni.

Hægt að velja rafrettu sem valmöguleika í upplýsingasöfnun um tóbaksnotkun

SAG-8692

Í Upplýsingaskránni undir Heilbrigðisviðhorf - Heilsuefning er búið að bæta við valmöguleikanum „rafretta“ þegar verið er að skrá tóbaksnotkun.

Meðferð - Framvindunótur og Framvindunótusaga

SAG-8338

Farið var í gegnum virknina sem sækir gögnin fyrir Framvindunótur og Framvindunótusögu og breytingar gerðar sem eiga að skila sér í betri afköstum og koma í veg fyrir að það komi „time out“ þegar gögnin eru sótt.

Meðferð - Athugasemd við verkþætti og einkenni í hjúkrunarferli

SAG-8354

Nú sjást mest fimm línur af texta af athugasemd við verkþætti eða einkenni í hjúkrunarferlatrénu. Hægt er að sjá allan textann með því að setja músina yfir textann í trénu.

Legulisti

SAG-6856

Nú sýnir legulistinn einnig þá einstaklinga sem útskrifuðust „í dag“ í einingunum Meðferð, Íhlutir og Mælingar.

Mælingar (gaMeasurements)

Breytt heiti á mælingarkaflanum „Mat á næringarástandi“

SAG-6550

Búið er að breyta heitinu á mælingarkaflanum „Mat á næringarástandi“ yfir í „Mat á áhættu fyrir vannæringu“.

Mælingar - Breytingar á Mat á byltuhættu

SAG-8797

Mælingunni „Mat á byltuhættu“ hefur verið breytt.

Fyrsta spurning er nú um hvort sjúklingur hafi áður hlotið byltu.

Spurningar þrjú og fjögur hafa verið sameinaðar í eina spurningu, Sjúklingur þarf aðstoð við gang, með þremur svarmöguleikum.

Síðasta spurningin er nú um andlegt ástand sjúklings.

Áður skráð gögn fyrir spurningar þrjú og fjögur hafa verið sameinuð og textar fyrir svör við öðrum spurningum hafa verið uppfærðir.

Hæst gildi í byltumati er nú 125 stig í staðinn fyrir 140 stig og hefur niðurstaðan verið endurreiknuð í eldri gögnum.

Textasýn - Mælingar

SAG-8227

Bætt hefur verið við möguleika að sía út mælingar út frá „Deild“, „Starfsmanni“ og „Stofnun“.

Mælingar

SAG-8335

Löguð var villa þar sem mælingar með tugabrot gátu verið skráðar á röngu sniði.

Mæðraskrá (meðganga)

Meðgönguskráning - Skrá utanlegsþykkt

SAG-6808

Nú er hægt að skrá utanlegsþykkt sem fyrri meðgöngu.

Mæðraskrá - Sjá óléttu einstaklinga á stofnun

SAG-6002

Nú er hægt að sjá lista yfir óléttu einstaklinga á stofnuninni sem innskráður notandi er á.

Ljúka meðgöngu með „Hætt í eftirliti“

SAG-8642

Nú er hægt að ljúka meðgöngu með valinu „hætt í eftirliti“. Það er t.d. notað ef kona flytur erlendis á meðgöngu.

Persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar - Samskiptamál

SAG-6016

Nú er hægt er að skrá samskiptamál einstaklings í persónuupplýsingaglugga. Skráningarreiturinn er neðst í glugganum hægra megin á flípanum Almennt, en hnappur í reitnum opnar leitarglugga með helstu tungumálum heimsins. Möppunúmersreiturinn var fluttur yfir í flípann Annað. Jafnframt er vakin athygli á því ef viðkomandi einstaklingur á virka meðgöngu í Mæðraskrá þar sem skráð er þörf fyrir túlkabjónustu og samskiptamál er ekki það sama eftir að breytingar hafa verið vistaðar. Þá er notandi spurður hvort einnig sé óskað eftir að breyta tungumáli í Mæðraskrá.

Persónuupplýsingar - lögheimili

SAG-8870

Persónuupplýsingaglugga hefur verið breytt þannig að ef stilligildi 185 er virkt þá eru heimilisfangsupplýsingar skrifvarðar og er þá gengið út frá því að stofnunin / fyrirtækið fái reglubundnar þjóðskráruppfærslur sem uppfæra heimilisfang breytist lögheimili í þjóðskrá. Hægt er að breyta aðsetri ef einstaklingur reynist ekki dvelja á lögheimili sínu að staðaldri eða ef þarf að skrá aukaupplýsingar. Ef stilligildið er óvirkt þá er hægt að breyta öllum skráningaratriðum.

Til upplýsinga:

Glugganum var breytt um stundarsakir fyrir á árinu þannig að skráning var stífuð of mikið af, en nú er verið að liðka til aftur, þannig að virkt stilligildi nr. 185 skuli einungis læsa heimilisfangsreitunum en fást ekki um það sem hefur verið skrifað áður eða birta eitthvað annað í staðinn. Enda á heimilisfang að uppfærast sjálfkrafa í lögheimili hjá einstaklingum í Sögugrunninum sé stofnunin / fyrirtækið með samning um reglulegar þjóðskráruppfærslur. Það er þá eitthvað sem hafa þarf í huga ef hlé hefur verið gert á þjóðskráruppfærslum og leyfilegt hefur verið að skrá í heimilisfangsreiti. Næsta þjóðskráruppfærsla sem gerð yrði á Sögugrunni myndi yfirskrifa slíkar breytingar.

Persónuupplýsingar

SAG-8462

Ef einstaklingur hefur skráð „Afdrif“ sem „Nýtt“ þá er sú færsla ekki notuð ef önnur færsla er til.

Rafræn eyðublöð (.NET virkni)

Rafræn skeyti opnuð með því að ýta á Enter-lykil

SAG-8751

Nú er hægt að opna rafrænt skeyti með því að ýta á Enter-lykil. Einnig er búið að lagfæra vandamál varðandi fókus þegar glugganum „Textasýn - Samskipti“ var lokað.

Forsíða starfsmanns - Vinnulisti - Rafræn skeyti

SAG-8062

Nú er hnappurinn „Merkinga lesið“ ekki lengur sýnilegur þegar notandi opnar Textasýn - Samskipti

Rafræn eyðublöð (gaElectronicSheets)

Rafræn eyðublöð - TR-V hjálpartæki #342

SAG-7969

Það þarf að minnka hámarksstærð á viðhengjum sem hægt er að senda með TR-V hjálpartæki #342 niður í 2 MB, annars hafnar vefþjónusta Sí þeim. Það stendur til að breyta þessu hjá SI og þá verður aftur hægt að hækka hámarksstærðina Sögu megin.

Rafræn eyðublöð (gaWPFElectronicSheets)

Rafræn eyðublöð (Flokkari) - Aðgangur settur sjálfkrafa á móttökuaðila

SAG-8634

Nú er hægt að stilla kerfið þannig að deildin sem eyðublaðið er sent á, og þar með notandinn, fær aðgang að eyðublaðinu. Hægt er að kveikja á þessari virkni með stilligildi 186.

Glugginn til að velja nýjan móttakanda birtist með mismunandi tillögum að notendum eftir aðstæðum.

- **Valinn viðtakandi hefur aðgang að deild og þekktir meðferðaraðilar fyrir einstakling innan deildar finnast:**
Þá birtast þekktir viðtakendur á þeirri deild. Ef valinn viðtakandi er ekki þekktur viðtakandi á deildinni þá birtist hann ekki í listanum þó aðrir þekktir viðtakendur birtist þar.
- **Valinn viðtakandi hefur ekki aðgang að deild og þekktir meðferðaraðilar fyrir einstakling finnast:**
Þá birtist listi yfir allar mögulegar samsetningar af þekktum viðtakendum og þeim deildum sem þeir hafa aðgang að.
- **Atriðin hér á undan skiluðu engum niðurstöðum**
Þá birtist listi yfir áður valda starfsmenn.

Ef ekki hafa verið valdir starfsmenn áður þá birtist listinn tómur.

Skrifað í leitarboxið

Þegar skrifað er í leitarboxið þá birtast mismunandi samsetningar af notendum og deildum sem þeir hafa aðgang að, sem innihalda leitartextann annaðhvort í nafni notanda eða deildar.

Blað sent áfram á viðtakanda

Þegar blað er sent áfram á viðtakanda þá birtist ekki hakboxið fyrir „Senda afrit til heimilislæknis“. Fletta þarf því upp heimilislækni í „Afrit sendist til“ ef hann á að fá afrit. Þetta er vegna þess að velja þarf deild til að senda á.

Ef slökkt er á virkninni

Ef slökkt er á virkninni þá virkar kerfið eins og áður. Þ.e. eingöngu eru valdir notendur fyrir viðtakanda og „Afrit sendist til“ en ekki notendur plús deild og hakboxið fyrir „Senda afrit til heimilislæknis“ er sýnilegt.

Almennt í Sögu

Ef upp kemur villa í netsamskiptum

SAG-8910

Ef villa kemur upp í netsamskiptum á meðan verið er að skipta um einstakling á nú að vera tryggt að einstaklingur í sjúklingaborða sé sá sami og í eyðublaðatrénu. Villuboð birtast samt sem áður.

Fjöldaskráning ónæmisaðgerða - villa

SAG-8744

Löguð var villa ef reynt var að setja inn kennitölur sem ekki voru í þjóðskrá og ýtt á takkann „Samþykja allar viðvaranir“

Heilsugátt í aukaglugga í Sögu

SAG-8184

Hægt er að birta Heilsugátt í aukaglugga Sögu. Með því að virkja stilligildi 2072 og setja rétta vefslóð í gildissvæðið þá birtist auka flipi í aukaglugganum fyrir Heilsugáttina.

Ekki er hægt skipta um sjúkling í Heilsugáttinni þegar hún er birt í aukaglugga. Ef reynt er að skipta um sjúkling í Heilsugátt kemur villa um að ekki megi skipta um sjúkling og Saga opnar síðu þess kerfissjúklings sem er valinn í Sögu.

Saga - Ekki hægt að ræsa einingar vegna þess að öll leyfi eru í notkun

SAG-8374

Nú ætti villan „Leyfissamningur leyfir ekki fleiri eintök af kerfiseiningu í samtíma keyrslu“ ekki að birtast lengur þegar notendur ræsa einingar í Sögu.

Saga.NET

Minnisleki í AppServer á LSH

SAG-8834

Lagaður var minnisleki í AppServer sem á 3 - 24 klst (háð notkun) kláraði allt minni á vélinni með þeim afleiðingum að hún varð óstarfhæf og þurfi að endurræsa.

Aukagluggi Sögu

Samtengingar

SAG-6667

Bætt hefur verið við hnappi í samtengingarglugganum til að notandinn geti komist aftur í „Tímalínu“-valmyndina.

Sjúklingastika

Leyfilegar skráarendingar fyrir passamyndir í Viðhengiseiningu

SAG-8696

Einungis er leyfilegt að flokka skrár með eftirfarandi skráarendingu sem passamyndir: .bmp, .ico, .gif, .jpg, .jpeg og .png. Ef notandi reynir að setja inn passamynd með annarri skráarendingu þá birtist viðvörnargluggi sem lætur notanda vita hverjar eru leyfilegar skráarendingar.

Stillingar (gaConfigurator)

Stillingar - Stillingildi 1118 aðgengilegt í stillingum

SAG-8681

Nú er hægt að breyta stillingildi 1118 „Lengd meðferðartengsla v. tímabókana“ í Stillingareiningunni.

Textasýn (WPF)

Textasýn

SAG-7419

Lagað hefur verið að mælingum úr „Mælingar“ og „Ung- og smábarnavernd“ sé blandað saman og birt tvisvar í „Textasýn“.

Ný textasýn - síur

SAG-8735

Nú getur notandi valið sjálfgefna síu sem er notuð þegar Ný textasýn er opnuð. Kominn er hnappur fyrir aftan felliboxið fyrir síur þar sem hægt er að vista valda síu sem sjálfgefna. Breidd síustýringarinnar sem er hægra megin í einingunni og staðan á því hvort hún er opin eða lokað vistast síðan sjálfkrafa þegar einingunni er lokað.

Textasýn

SAG-8527

Bætt hefur verið virkni til að sía „viðhengi“ eftir deild.

Lagfæring á villu í Nýrri textasýn

SAG-8737

Búið er að lagfæra villu í Nýrri textasýn, en hún fól í sér að einstaka staðfest eyðublað var sýnt sem óstaðfest eyðublað. Einnig er búið að lagfæra birtingu sumra eyðublaða í Nýrri textasýn.

Ný textasýn - síur

SAG-8475

Nú vistast valdar síur. Síurnar haldast inni þangað til notandi smellir á kústinn sem hreinsar síur.

TR Reikningar (gaTRInvoice)

Reikningsyfirlit - vantar raðnúmer SÍ í XML

SAG-8889

Löguð var villa þar sem ef reikningur var færður úr „Reikningar ekki til SÍ“ í „Reikningar til SÍ“ og ýtt var á „Vista XML skjal“ vantaði raðnúmer SÍ í XML.

Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

Ung- og smábarnavernd - Breytingar á Brigance prófum

SAG-8790

Þegar Brigance próf er þeytt er nú hægt að velja **Skemmri skimun** eða **Lengri skimun**, þar sem **Skemmri skimun** gerir þægilegra fyrir notanda að fara einungis eftir spurningunum sem að telja að **Áhættuviðmiðun**.

Notandi getur flakkað á milli **Skemmri** og **Lengri** skimun auðveldlega á meðan próf er tekið.

Einnig hefur stigagjöf breyst í báðum prófum, en nú eru tvö viðmiðunarmörk, **neðri** og **efri**, og textinn sem sýnir stigafjöldann fyrir bæði **Skemmri stigun** og **Lengri skimun** litast **rauður**, **gulur** og **grænn** eftir stigafjölda.

Breytingar á 30 mánaða skoðun

Skemmri skimun í 30 mánaða skoðun telur eftirfarandi spurningar:

- Þekkir líkamshluta
- Þekkir notkun hluta
- Endurtekur setningar
- Myndaorðaforði
- Fleirtala og þátíð

Stigagjöfin er nú fyrir **skemmri stigun**

Aldur	Möguleg stig	Vísbending um vanda (neðri)	Skor á óvissustigi (efri)
2 ára og 6-8 mánaða	47	15	20
2 ára og 9-11 mánaða	47	16	21

og fyrir **lengri skimun**

--	--	--	--

Aldur	Möguleg stig	Vísbending um vanda (neðri)	Skor á óvissustigi (efri)
2 ára og 6-8 mánaða	100	46	66
2 ára og 9-11 mánaða	100	49	67

Breytingar á 48 mánaða skoðun

Skemmri skimun í 48 mánaða skoðun telur eftirfarandi spurningar:

1. Veitir persónulegar upplýsingar
2. Litabekking
3. Sjónræn aðgreining - Lögum og hástafir
4. Talning
5. Talnaskilningur

Stigagjöfin er nú fyrir **skemmri stígun**

Aldur	Möguleg stig	Vísbending um vanda (neðri)	Skor á óvissustigi (efri)
4 ára til 4 ára og 3 mánaða	45	26	30
4 ára og 4-7 mánaða	45	28	31
4 ára og 8-11 mánaða	45	30	33

og fyrir **lengri skimun**

Aldur	Möguleg stig	Vísbending um vanda (neðri)	Skor á óvissustigi (efri)
4 ára til 4 ára og 3 mánaða	100	58	65
4 ára og 4-7 mánaða	100	59	68
4 ára og 8-11 mánaða	100	64	71

Einnig hefur röð spurninganna í **Þekkir líkamshluta** breyst, en nú er röðin:

1. Hné
2. Bak
3. Haka
4. Neglur
5. Hælar
6. Bringa
7. Ökklar
8. Kjálki

Ung- og smábarnavernd

SAG-8755

Undir „Finghringur“ í 10 mánaða skoðun hefur verið bætt við nýjum svarmöguleika „Pumalfingurgrip“.

„Tangargrip“ svarmöguleikinn hefur verið fjartægður.

Athugið: Ef að „Tangargrip“ svarmöguleikanum hefur verið svarað fyrir einstakling áður en þessar breytingar áttu sér stað þá fær notandinn samt að sjá svarið fyrir „Tangargrip“ en það er þá gefið til kynna að sú spurning sé óvirk og að ekki sé hægt að breyta svari.

Ung- og smábarnavernd

SAG-8785

„Proskamat“ fyrir 12 mánaða skoðun inniheldur fjóra nýja spurningaflokka:

Grófhreyfingar sem inniheldur eftirfarandi spurningar:

1. „Gengur með stuðningi“
 - o „Athugað er hvort barnið geti gengið nokkur skref með stuðningi upp við borð, með því að halda sér í rimla rúms eða þegar foreldrar leiða það.“

Fínhringur sem inniheldur eftirfarandi spurningar:

1. „Tangargrip“
 - o „Barnið situr í fangi foreldris. Smáhlutur t.d. lítill pappírshnoðri er lagður á borð fyrir framan það og athugað hvort barnið geti tekið hlutinn upp með vísingri á móti þumli. Prófa þarf báðar hendur.“
2. Flettir harðspaldabók
 - o „Fylgst er með því hvort barnið reyni að fletta harðspaldabók.“

Samskipti og leikur sem inniheldur eftirfarandi spurningar:

1. „Leikur sér með bolta“
 - o „Rúllið bolta til barnsins og fylgst með því hvort barnið reyni að taka þátt í einföldum boltaleik.“
2. „Veitir mynd í bók athygli“
 - o „Barninu er sýnd einföld harðspaldabók (lítill bók með einni mynd á blaðsíðu). Fylgst er með því hvort barnið stoppi við mynd í bók í augnablik og veiti henni athygli.“

Vitsmuna- og málproski sem inniheldur eftirfarandi spurningar:

1. „Bregst við eigin nafni“
 - o „Athugandi segir nafn barnsins þegar það er upptekið af öðru og utan augnsambands. Prófið 2-3 í athuginni. Ef barnið lítur ekki upp, spyrjið foreldrana nánar um hvernig þetta er heima.“
2. „Notar 1-3 orð“
 - o „Fylgst er með því hvort barnið noti 1-3 orð í sérstakri merkingu t.d. mamma, pabbi, datt, dudda. Athugið hvort barnið virðist vera að segja eitthvað sem líkist orðum eða hermi eftir hljóðum.“
3. „Tjái eigin langanir“
 - o „Fylgst er með því hvort barnið gefi til kynna vilja sinn eða langanir með bendingum, hljóðum eða látbragði.“

Ung og smá - breyting á mælingu

SAG-8990

Löguð var villa þar sem eldri mæling var ekki ógilduð þegar gerð var breyting á mælingu.

Vefþjónustur (external)

Vefþjónustur

SAG-8641

Komin eru tvö ný vefþjónustuköll í MedicalDataService sem heita MarkElectronicSheetAsRead og MarkElectronicSheetAsUnread. Þau taka inn númer eyðublaðs og skilaboð upp á 256 stafir.

MedicalDataService - Aðgerðir til að skrá, sækja, breyta og ógilda framvindunótur

SAG-7859

Eftirfarandi aðgerðir í MedicalDataService er hægt að nota til að vinna með framvindunótur úr hjúkrunarferlum.

Aðgerðin GetNursingDiagnosesInfoWithTreatments skilar öllum virkum greiningum og meðferðum fyrir sjúkling.

NursingDiagnosisData:

```
int Id: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id.  
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
string CreateUserName: Nafn notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
DateTime CreateDateTime: Tímastimpill þegar notandinn bjó greininguna til  
string Name: Titill greiningar.  
List<NursingTreatmentData> Treatments: Listi af meðferðum sem tilheyra greiningunni.
```

NursingTreatmentData:

```
int Id Einkvæmt númer meðferðar úr pc_nursing_treatments.treatment_id.  
int DiagnosisId: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id.  
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
string CreateUserName: Nafn notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
DateTime CreateDateTime: Tímastimpill þegar notandinn bjó greininguna til  
string Name: Titill meðferðar.
```

Aðgerðirnar SaveNursingDiagnosisAction og SaveNursingDiagnosisActions eru notaðar til að vista framvindunótur fyrir hjúkrunargreiningar. Þessar aðgerðir taka við NursingDiagnosisActionData klösum.

NursingDiagnosisActionData:

```
int DiagnosisId: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id  
DateTime DateAndTime: Dagur og tími sem notandinn velur fyrir framvindunótuna.  
string Note: Framvindunótan sjálf.  
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr framvindunótuna til.  
DateTime CreateDate: Tímastimpill þegar notandinn býr framvindunótuna til. Notandi má ekki breyta þessu gildi.  
int GroupId: Númer deildar notandana úr ga_group.id
```

Vera (Fyrirspurnalag)

Vera - Skilaboð.

SAG-9315

Nú er hægt að merkja skilaboð frá notendum í Veru sem svöruð. Þetta fjarlægir þau úr fyrirspurnarlista í Forsíðu starfsmanns og Veru samskiptaborði.

Forsíða Starfsmanns (Vera)

Forsíða starfsmanns - Flýtitextar

SAG-7272

Bætt hefur verið við 13 flýtitextum í samskiptaborð Veru. Hægt er að sjá flýtitextana með því að smella í textaboxið og ýta á „Ctrl + Shift + T” og þá opnast valguggi fyrir flýtitextana.

Einnig er hægt að velja flýtitexta með því að slá inn %kóði og síðan ýta á „Ctrl + T”, þar sem kóði stendur fyrir flýtitextakóða.

Forsíða starfsmanns/Vera

SAG-7271

Búið hefur verið til nýtt stilligildi, 1198. Ef stilligildið er virkt fara beiðnir um lyfjaendurnýjun frá Veru sjálfkrafa í Lyfjaendurnýjunarflípanum í Forsíðu starfsmanns og í Mínum fyrirspurnir undir Veru hjá heimilislækni einstaklings. Ef það er óvirkt þá birtast beiðnir um lyfjaendurnýjanir frá Veru einungis í skjáborði í Veru þar sem læknaritari getur sent þau á heimilislækni með nýjum hnappi sem heitir „Senda á heimilislækni“.

Einnig hefur verið bætt við síu sem að síar í burtu þær fyrirspurnir sem hafa þegar verið sendar á einhvern starfsmann.

Vera (Samskiptaborð)

Vera

SAG-8875

Nú eru einungis sýndir virkir notendur innskráningarstofnunar þegar leitað er eftir notanda í lyfjabeiðnum eða í fyrirspurnum til starfsmanna.

Vera

SAG-7955

Nú sjást samskipti í Eyðublaðaeiningu sjálfkrafa þegar notandi sendir Veru skilaboð til einstaklings

Vera samskiptaborð

SAG-7832

Notendur geta nú bætt athugasemdum við fyrirspurnir/beiðnir í gegnum Veru sem eru einungis ætlaðar starfsfólki og eru ekki hluti af sjúkraskrá sjúklings.

Vinnulisti (gaWorklist)

Vinnulisti

SAG-8914

Þegar eyðublað er staðfest í „Textasýn - Eyðublað“ í gamla vinnulista þá kemur nú kennitala og nafn sjúklings í „Efni“ tölvupósts, ef eyðublaðið sem var staðfest er af þeirri tegund sem sendir póst.

Forsíða starfsmanns (Vinnulisti)

Vinnulisti

SAG-8848

Í „Óklárað“ flípanum í Vinnulista, er sjálfkrafa sótt 14 daga aftur í tímann, en nú hefur verið bætt við stilligildi 1180 til að velja hversu marga daga er sótt aftur í tímann.

Viðhengi (gaAttachments)

Viðhengi

SAG-8859

Löguð var villa þar sem ekki var alltaf hægt að henda skrá strax eftir að hún er sett sem viðhengi inn í Sögu.

Viðhengi

SAG-8836

Löguð var villa þar sem ekki var lengur hægt að fjöldavelja skrár og bæta við sem viðhengi í viðhengiseiningunni.

Ekki lengur hægt að setja inn keyranlegar skrár sem viðhengi

SAG-8295

Ef skrá er nú sett inn sem viðhengi þá má hún ekki vera keyranleg (e. *executable*). Ef notandi reynir að setja inn keyranlega skrá, þá fær hann villuskilaboð frá Sögu þess efnis að ekki sé hægt að setja inn skrá með tilsvarendi skráarendingu.

Skráarendingar fengnar frá eftirfarandi heimasíðu: <https://www.lifewire.com/list-of-executable-file-extensions-2626061>

Viðhengi - Hámarksstærð viðhengja fyrir Heilsugátt

SAG-7821

Nú ætti að vera hægt að vista fjórum sinnum stærri Söguviðhengi en áður í Heilsugátt.

Ónæmisaðgerðir (WPF)

Opna ónæmisaðgerðir af gamla ungbarnaefirlitsblaðinu

SAG-8251